

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 1-2019

Staður: Keldnaholt

Tími: föstudagur 25. janúar 2019, kl. 13:40 – 16:10

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Halldór Þorgeirsson, Jóhannes Kristjánsson og Sunna Þórarinsdóttir. Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. **Kynning**

Háskólaráð kynnir sig og nýr rektor upplýstur um stöðu lykilmála.

2. **Síðasta fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Ákveðið að fundargerðir verði ritaðar af fundarmönnum og afgreiddar í lok fundar.

3. **Starfsreglur háskólaráðs**

Starfsreglur Háskóla Íslands lagðar fram til skoðunar. Ekki eru til starfsreglur háskólaráðs Lbhí. Ragnheiði og Bjarna falið að gera uppkast að reglum og kynna drög á næsta fundi.

4. **Stefnumótun**

Staða stefnumótunar – næstu skref við lokafrágang og innleiðingu. Ragnheiður ræðir við starfsmenn og síðan verður haft samband við hagaðila.

5. **Eignir í umsjón skólans**

- a. Listi yfir eignir Lbhí frá Ríkiseignum ræddur. Bjarni lagði fram minnisblað. Ragnheiður og Halldór taka að sér að fara yfir listann og ræða við hagsmunaaðila.
- b. Samningur við Borgarbyggð um holræsi, gatnakerfi, lóðamál og fleira á Hvanneyri verður afgreiddur af Ragnheiði.
- c. Búið er að segja upp samningi við leigusala og leigutaka skólans um gömlu nautastöðina.
- d. Skólinn hefur ákveðið að nýta land Kvígsstaða.
- e. Umræðu um aðrar eignir Lbhí frestað til næsta fundar.

6. **Persónuverndarstefna**

Drög að persónuverndarstefnu Lbhí lögð fram. Málið í biðstöðu þar sem fyrirhugað er að opinberu háskólarnir skipi sameiginlegan fulltrúa. Ragnheiður fylgir málinu eftir.

7. **Áherslur 2019**

Eftirfarandi atriði lögð fram fyrir starfsáætlun 2019:

- a. Stefnumótun
- b. Skjalavistunarmál – þörf á að vinna í.
- c. Starfslýsingar / verkferlar – áriðandi að skerpa á.
- d. Fjármál / Eignir
- e. Rannsóknir – áriðandi að fjölga umsóknum starfsmanna í rannsókna- og þróunarsjóði.
- f. Gæðaúttekt – Vinna hefst vegna QEF2 í vor. Undirbúningsfundir í næstu viku.
- g. Samstarf við opinberu háskólana – efla enn frekar samstarf við háskólana.
- h. Samstarf við Bifröst – Ragnheiður fer á fund með rektor.



8. Önnur mál og næsti fundur

- a. Stofna rafræna möppu fyrir háskólaráð þar sem fundargögn verða lögð inn í.
- b. Samningar um rannsóknir við Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið ræddir.
- c. Vantar öfluga máttarstólpa fyrir nautgriparæktina innan skólans.
- d. Kosningar nemendafélagsins eru á Hvanneyri í næstu viku. Nemendafulltrúi benti á að hvorki nemendur á Reykjum, né framhaldsnemar skólans hafi aðkomu að þeirri kosningu og þar með hver sest í háskólaráð fyrir þeirra hönd. Verkferlar um hvernig nemendafulltrúi er valinn í háskólaráð eru alfarið í höndum nemendafélagsins.
- e. Lagt til að háskólaráð fundi á öllum starfsstöðvum Lbhí. Haldnir verða fundir e.h. fjórða hvern þriðjudag í mánuði að öllu jöfnu.

Næsti fundur verður haldinn 26. febrúar kl. 13:30 á Hvanneyri.

